

Verknúmer 12023	Verkkaupi Langanesbyggð
Dagsetning 23.05.2025	Verkpáttur Staðfest mygla -Tillögur að næstu skrefum
Unnið af Almar	Staðsetning / Lýsing Langanesvegur 20, 680 Þórshöfn Grunnskóli Langnesbyggðar
Tengiliður Björn S. Lárusson	Dreifing: Langanesbyggð

Vegna

Grunnskóli Þórshafnar steinsteypt hús á einni hæð, byggt 1944 – 1996.

Um ræðir skoðun á MHL 03 0101, skráð byggingarár 1971.

Grunur um myglu / sveppi.

Minnisblað þetta er í framhaldi af minnisblaði 01 dags 05.05.2025 og eftir að niðurstöður lágu fyrir frá sýnatökum.

Sýnataka 02.05.2025

Niðurstöður lágu fyrir frá Náttúrufræðistofnun Íslands (NÍ) dags 07.05.2025

Niðurstaða:

Alls send 12 sýni til ræktunar, þar af voru 6 sýni sýkt af svepp (myglu)

Öll sýkt sýni eru úr Línoleum gólfdukk í kennslustofu merkt Eldjárnstaðir og fram á gangi við stiga.

Sýnataka 15.05.2025

Niðurstöður lágu fyrir frá Náttúrufræðistofnun Íslands (NÍ) dags 20.05.2025

Niðurstaða:

Alls sent inn 17 sýni til ræktunar, þarf af voru 6 sýni sýkt af svepp (myglu) og 2 menguð sýni.

Sýni eru tekin við aðliggjandi rými við Eldjárnsstaði þ.e. á gang, í skólastofu merkt Brimnes, skólastofu / kennarastofu merkt Staðarsel og á snyrtingum á gangi.


Mörk sýnatöku:

Mörk sýnatöku eru aðliggjandi rými við Kennslustofu merkt Eldjárnstaði. Á gangi eru tekin sýni að austan og vestan, auk snyrtinga. Ekki eru tekin sýni á kennarastofum (vestur) eða kennslustofum (skúr suður). Sjá nánar merk á yfirliti

Niðurstaða:


Ljóst er að mikil mygla greinist í flestum sýnum sem tekin eru úr gólfdukk. Þó virðist sem að það sé minna á vestanverðum ganginum. Skv. Leiðbeiningum frá NÍ er því ekki ráðlagt að kennsla eða önnur starfsemi sé í þeim rýmum sem sýkt eru.

Yfirlit sýna og sýktra svæða:
Lykilmynd

Yfirlit sýnatökur og sýkt svæði


Aðgerðir:

1. Lagt er til að nú þegar verði sýkt svæði afmörkuð með þéttum plastveggjum eins og sýnt er á mynd hér að aneðan.



2. Ramma inn / gera áætlun um hversu langt á að ganga í rifum og endurgerð.
 - a. Lagt til að í það minnsta verði sýkt svæði tekið, veggir gólf og loft. Í loftum þarf að rífa að burðarvið til að tryggja að viður sé ekki sýktur. Klæðningar innveggja þarf að fjarlægja og grind að hluita einnig til að tryggja að ekki sé þar sýktur viður / klæðningar
3. Meta með skólastjórnendum og sveitastjórn hvort að lag sé að endurnýja álmuna í heild sinni.
4. Gera kostnaðaráætlun á áætlaðar framkvæmdir
5. Teikna upp / ramma inn rif og endurbyggingu
6. Gera útboðsgögn
7. Bjóða verkið út

Verktími:

Raunhæft er talið að gera ráð fyrir verktíma vegna endurbóta í janúar 2026 – ágúst 2026. Að framkvæmdum verði lokið fyrir skólaárið 2026 – 2027

Húsnæðið og kennsla fram að verklokum:

Loka þarf stofum á sýktum svæðum og verður því ekki hægt að hafa kennslu þar næsta skólaár 25 – 26. Skólastjórnendur ásamt sveitastjórn þurfa því að finna tímabundna lausn á húsnæði fyrir þessar stofum þann tíma.